

FÍFL á hæsta tindi landsins



Tómas Guðbjartsson, Engilbert Sigurðsson

Myndir: Sigurbergur Kárason, Samúel Samúelsson og Sigrún Halldórsdóttir

Um hvítasunnuhelgina síðustu stóð FÍFL fyrir hópöngu lækna á hæsta tind landsins, Hvannadalshnjúk (2110 m). Ekið var austur eftir vinnu á fimmtudeginum 8. maí og eftir að Þorvaldur Háfjallahöfðingi og yfirfararstjóri hafði rýnt í veðurspá var ákveðið að leggja í'ann strax um kvöldið. Gengið var upp úr lágstæðri skýjahulu í algjöru logni. Síðar um nóttina blasti við fjallasýn í daufri morgunskímu sólar. Þegar nær dró tindinum varð skyggni lélegra og á síðustu metrunum skall á blindbylur þar sem leiðangursmenn urðu að beita öllum klækjum til að ná toppnum. Gengið var í línu og á tindinum þurfti brodda og ísaxir. Skemmst er frá því að segja að allir leiðangursmenn, 33 að tölu, náðu tindinum.

Á síðustu metrunum á Hnjúkinn skall á blindbylur og máttu leiðangursmenn hafa sig alla við. Allir náðu þó toppnum.



Þórhallur Samúelsson fallinn ofan í djúpa snæviþakta sprungu. Fararstjórar og aðrir leiðangursmenn til koma hjálpar.

Þótt ekki hafi verið mikið skyggni á toppnum er óhætt að segja að lífsreynslan hafi verið ógleymanleg. Á leiðinni niður datt Þórhallur Samúelsson (Samúelssonar heimilislæknis) í gegnum snjóbrú á gríðarstórri sprungu. Þar kom sér vel að allir voru tengdir saman í línu og tókst björgun vonum framfar og Þórhalli varð ekki meint af. Eftir tæplega 17 klukkutíma göngu var lagst til hvílu og um kvöldið var sameiginlegur kvöldverður á Hótel Skaftafelli. Þar var farið með gamanmál en einnig var Sigurjóni Vilbergssyni meltingarlækni veitt sérstök heiðursviðurkenning FÍFL fyrir hetjulega framgöngu við björgun Sprungu-Þórhalls.

Vorið hefur verið FÍFL gjöfult og 1. maí sl. var gengið á Botnssúlur (1086 m) í frábæru veðri, glampanði sól og einstöku skyggni. Sjö tóku þátt í göngunni og var fararstjóri Jón Baldursson, yfirlæknir á slysadeild. FÍFL er með ýmislegt á þrjónunum í sumar. Í byrjun júní er fyrirhuguð ganga á Heklu (1491 m) og í haust á Kerlingu (1536 m) undir stjórn Orra Einarssonar röntgenlæknis á FSA. Einnig eru í pípunum göngur á Herðubreið (1677 m) og Snæfell (1833).



FÍFL á Botnssúlum 1. maí sl. Veður var eins og best verður á kosið og sá m.a. til Kerlingarfjalla og Surtseyjar.